

Skólaráð Hörðuvallaskóla

6. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 21. febrúar 2019

Skólastjóri: Ágúst Frímánn Jakobsson

Fulltrúar foreldra: Freygerður Ólafsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Unnur Helga Óttarsdóttir, Alma Ernstdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæðismál

Borist hefur svar frá menntasviði við bréfi skólaráðs og nemendaráðs sbr. fundargerð skólaráðs 25. okt sl.

Svarið er eftirfarandi:

Menntasvið tekur undir þær ábendingar sem fram koma í erindi skólaráðs og nemendaráðs varðandi þörf fyrir bættu félagsaðstöðu nemenda á unglíngastigi í Hörðuvallaskóla.

Aðstaða félagsmiðstöðvar Hörðuvallaskóla hefur verið til skoðunar og umræðu og unnið er að útfærslu hugmynda og hönnunar varðandi nýtingu húsnæðis skólans við Vallarkór með það í huga að skapa betri félagsaðstöðu fyrir unglíngastig skólans. Vonast er til að unnt verði að kynna niðurstöður þess fljótlega.

Fulltrúar í nemendaráði hafa ennfremur farið á fund bæjarstjóra til að ræða málið.

Skólastjóra falið að halda áfram að ýta á eftir málinu.

2. Lóðamál

Borist hefur svar frá menntasviði við erindi skólastjóra sbr. fundargerð skólaráðs 25. okt sl. Svarið er eftirfarandi:

Í erindi skólaráðs gætir ákveðins misskilnings varðandi verkefnið „Skemmtilegar skólalóðir“ og ástæður þess að skólalóð Hörðuvallaskóla hafi fallið utan úttektar árið 2016. Ástæðan var sú að lóð Hörðuvallaskóla, ásamt Vatnsendaskóla, telst enn vera á framkvæmdastigi og því ekki um endurgerð að ræða samkvæmt skilgreiningu heldur nýframkvæmd. Vísað er til skýrslu um „Skemmtilegri skólalóðir“ í þessu samhengi, bls. 52.

„Til nýrri skóla í Kópavogi teljast hér Vatnsendaskóli og Hörðuvallaskóli sem báðir eru í Vatnsendahverfi. Eins og áður hefur komið fram eru lóðir þeirra ekki hluti af verkefninu um endurgerð skólalóða. Ástæðan er sú að lóðir þessara skóla eru enn í byggingu og er því ekki um endurgerð að ræða heldu nýframkvæmd. Engu að síður mun vinnan í þessari skýrslu nýtast við gerð þessara lóða á sama hátt og endurgerð hinna og reynt verður að taka óskir og ábendingar skólasamfélagsins til greina eins og við aðrar lóðir. Í þessum tveimur skólum er mikill fjöldi nemenda og fyrirsjáanleg fjölgun á næstu árum. Því er mjög mikilvægt að veitt verði fé til framkvæmda á þessum lóðum einnig en þær sitji ekki eftir meðan eldri lóðir eru endurbættar.“

Árið 2016 fékk lóð Hörðuvallaskóla samskonar úttekt og aðrar skólalóðir bæjarins en þá var starfsemin reyndar aðeins við Baugakór. Nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á lóðinni frá þeim tíma. Árið 2017 var sett upp stórt klifurnet, 3 trampólín o.fl., sem fjárheimildum eignasjóðs vegna viðhalds. Í febrúar 2018 voru tvö verkefni kosin inn í „Okkar Kópavogur“, fimmhyrningsróla og körfuboltavöllur með 6 körfum, og voru bæði verkefni framkvæmd á því ári. Kostnaður vegna ofangreindra framkvæmda er um 30 mkr.

Samráð hefur verið haft við skólaráð Hörðuvallaskóla um endurbætur á lóðinni og forgangsröðun framkvæmda en ekki hefur verið hægt að setja upp tímasetta áætlun enn sem komið er.

Umhverfissvið er tilbúið til að uppfæra úttekt á lóð Hörðuvallaskóla ásamt endurskoðun vegna breytinga á fjölda nemenda, í samræmi við núverandi stöðu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á aðstöðu utanhúss fyrir nemendur á unglíngastigi við Vallarkór, eins og bent er á í erindi skólaráðs. Í því sambandi er verið að skoða svæði við Kórinn samanber mynd hér fyrir neðan m.t.t. hvernig hægt

sé að koma þar fyrir aðstöðu fyrir unglíngastigið og er ætlunin að vinna það í samráði við skólastjóra og foreldraráð skólans.

Í gang er komin hönnunarvinna varðandi skólalóð við Vallakór, hugmyndir skólans hafa verið sendar á arkitekt og fyrirhugaður er fundur með honum snemma í mars. Ákveðið að hafa fulltrúa foreldra og nemenda með á þann fund. Eftir er að hafa samráð við HK vegna þessa. Varðandi lóðina í Baugakór verður óskað eftir fundi með garðyrkjustjóra varðandi úttekt og áætlun.

3. Skóladagatal 2019-2020

Lögð fyrir drög að skóladagatali fyrir næsta vetur.

Flestallir starfsdagar eru orðnir samræmdir af menntasviði, á kennarafundi var rætt um janúarstarfsdag m.t.t. hvort hann ætti að vera 3. jan eða síðar í mánuðinum í tengslum við viðtalsdaga.

Meiri áhugi var fyrir 3. jan og eftir samræmingu með Vatnsendaskóla er það niðurstaðan. Dagatalið er með nánast sama sniði og á núverandi skólaári, m.a. hvað varðar fyrirkomulag viðtalsdaga o.fl. Skólaráð samþykkir skóladagatalið og það verður sent menntasviði til afgreiðslu.



4. Fyrirkomulag stjórnunar í námsleyfi skólastjóra

Ákveðið hefur verið að Þórunn Jónasdóttir aðstoðarskólastjóri muni leysa af sem skólastjóri næsta skólaár og Inga Fjóla Sigurðardóttir deildarstjóri muni sinna starfi aðstoðarskólastjóra. Í skoðun og umræðu eru leiðir til að nýta sem best stjórnunarkvóta skólans þ.e. endurskoðun á hlutverkum teymistengiliða, nýtingu kennsluráðgjafa o.s.frv.

5. Undirbúningur næsta vetrar

Starfsþróunarsamtöl eru að hefjast og stefnt er að því að setja í loftið kennarauglýsingar snemma í marsmánuði. Unnið er að skoðun stundaskrárramma vegna fjölda nemenda í hádegismat á miðstigi sem er við það að sprengja matsalinn í Baugakór.

6. Önnur mál

a) Öryggisbrestur í mentor. Umræður um öryggisbrest sem kom upp í mentorkerfinu með þeim afleiðingum að óviðkomandi aðili komst yfir kennitölur og myndir nemenda í nokkrum skólum, þ.á.m. í Hörðuvallaskóla. Forráðamönnum viðkomandi nemenda hefur verið gert viðvart og Persónuvernd vinnur að skoðun málsins.

b) Heimsóknir presta í skólann á aðventu. Mál sem vísað var til skólaráðs frá síðasta fulltrúaráðsfundi Foreldrafélagsins. Þar kom fram að foreldri hefur gert athugasemd við fyrirkomulag heimsóknna presta í skólann fyrir jól, enda telur viðkomandi um mismunun að ræða og að þeir foreldrar sem vilja fræða börn sín um ákveðin trúarbrögð ættu að gera það utan skólatíma. Skólastjóra falið að senda erindi til menntasviðs með beiðni um álit á því hvort að fyrirkomulag heimsóknanna hjá okkur samrýmist reglum bæjarins.

c) Bréf frá MMS v/ fyrirlagna prófa vegna stöðlunar. Menntamálastofnun hefur leitað til Hörðuvallaskóla með að leggja fyrir próf sem verið er að staðla til notkunar á næstu árum. Um er að ræða réttitritun (mat á stafsetningu fyrir 3.-10. bekk, lagt fyrir vorið 2019), Orðarún (mat á lesskilningi

fyrir 3.-8. bekk, lagt fyrir vorið 2019) og Orðalykil (mat á orðaforða fyrir 1.-10. bekk, lagt fyrir vorið 2020). Skólastjóri hefur samþykkt þátttöku skólans í verkefninu.

d) Spjaldtölvur. Umræður um mat á áhrifum á notkun spjaldtölva á nemendum og heimili. Pælingar um hvort leggja þurfi fyrir könnun til að meta nánar áhrif þess að nemendum hafi spjaldtölvurnar með sér heim. Í gangi eru umræður um þetta mál í öllum skólum bæjarins, skólastjóra falið að koma sjónarmiðum skólaráðs á framfæri og leita samstarfs við að kanna málið.

Næsti fundur áformaður 21. mars kl. 16:00